

Fundargerð 244. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 12. janúar 2020
Fundartími:	13:00 – 15:50
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Hrafnkell Guðnason varaoddviti Margrét Jónsdóttir Rósa Matthíasdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Jón M. Ívarsson og Sigmundur Stefánsson undir lið nr. 3 Dagný Huld Jóhannsdóttir undir lið nr. 4 Sigríður Magnea Björgvinsdóttir og Steindór Guðmundsson undir lið nr. 5

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Liður nr. 4 fellur niður og færist til næsta fundar, en í stað þess kemur inn Kynning á Áfangastaðastofu Suðurlands - Dagný Huld Jóhannsdóttir.

Við dagskrána bætist liðurinn Önnur mál: a) Beiðni um leyfi til kvikmyndatöku - Ófærð. Engar athugasemdir gerðar. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 207, dags. 09.12.2020

a) Skyggir L197781; Deiliskipulag – 2011086

Lögð er fram umsókn frá Helga Eyjólfssyni og Elísabetu Rún Ágústsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag á lóð L197781 Skyggir (áður Hróarsholt land H). Málið tengist útgáfu byggingarleyfis á svæðinu sem var samþykkt til grenndarkynningar á fundi nefndarinnar þann 14. október 2020. Tiltekið var í inngangi málsins að deiliskipulag fyrir svæðið væri í vinnslu og er það hér með lagt fram til afgreiðslu. Í deiliskipulagi felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Samkvæmt skilmálum skipulagsins er gert ráð fyrir íbúðarhúsi ásamt bílskúr allt að 250 fm, útihúsi allt að 1500 fm auk gestahúss allt að 60 fm að stærð á þremur byggingarreitum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulag fyrir Skyggni L197781 á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið felur í sér skilgreiningu byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi ásamt bílskúr allt að 250 fm, útihúsi allt að 1500 fm auk gestahúss allt að 60 fm að stærð á þremur byggingarreitum. Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Vatnsholt 2 L166398 Hrútholt Deiliskipulag – 1806063

Lögð er fram umsókn vegna deiliskipulags að Vatnsholti 2, L166398, Hrútholt. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru lóðir og byggingarheimildir fyrir uppbyggingu allt að 15 íbúðarhúsaloða sem hver um sig er 10.000 fm að stærð. Nýtingarhlutfall lóðar er skilgreint allt að 0,05. Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði ÍB9 í aðalskipulagi Flóahrepps.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir umsókn vegna deiliskipulags að Vatnsholti 2, L166398, Hrótholti. Deiliskipulagið felur í sér skilgreiningu á lóðum og byggingarheimildir fyrir uppbyggingu á allt að 15 íbúðarhúsalóðum sem hver um sig er 10.000 fm. að stærð. Nýtingarhlutfall lóðar er 0,05. Umsóknin er samþykkt með 5 atkvæðum og skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram grundvelli 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 132 – 2011004F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. desember 2020.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 208, dags. 22.12.2020

a) Loftstaðir – Vestri lnr. 165512; Ferðapjónusta; Tjöld og þjónustuhús; Aðalskipulagsbreyting – 1712001

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar að Loftsstöðum-Vestri í Flóahreppi. Í tillögunni felst að skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði innan jarðarinnar þar sem heimilt verði að byggja upp ferðapjónustu með gistingu í heilsárstjöldum/smáhýsum ásamt þjónustuhúsi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að aðalskipulagsbreytingu að Loftsstöðum – Vestri sem felur í sér að skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði innan jarðarinnar þar sem heimilt verði að byggja upp ferðapjónustu með gistingu í heilsárstjöldum/smáhýsum ásamt þjónustuhúsi.

Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Yrpuholt L166352; Íbúðarhús; Aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2012017

Lögð er fram umsókn frá Haraldi Reyni Jónssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi Yrpuholts í Flóahreppi. Í breytingunni felst að óskað er eftir því að byggingarheimild vegna íbúðarhúss verði aukin úr 400 fm í 550 fm.

Byggingarheimild fyrir íbúðarhúsi samkvæmt núverandi skipulagi er:

Innan byggingarreits er heimilt að byggja allt að 400 fm íbúðarhús,...

Byggingarheimild fyrir íbúðarhúsi eftir breytingu á deiliskipulagi verður:

Innan byggingarreits er heimilt að byggja allt að 550 fm íbúðarhús,...

Aðrir skilmálar haldast óbreyttir.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Yrpuholts sem felur í sér heimild fyrir auknu byggingarmagni á íbúðarhúsareit. Þar sem áður var gert ráð fyrir 400 fm húsi er nú veitt heimild fyrir byggingu á 550 fm. íbúðarhúsi.

Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu þar sem ekki eru aðrir hagsmunaaðilar innan svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 20 – 133 – 2012002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. desember 2020.

3. Flóamannabók

Jón M. Ívarsson og Sigmundur Stefánsson mættu til fundarins og færðu Flóahreppi áritað eintak af Flóamannabók.

Oddviti Flóahrepps óskaði Jóni M. Ívarssyni og ritnefnd Flóamannabókar til hamingju með þennan fyrsta áfanga af þremur í sögurituninni og afhenti blómvönd.

4. Samstarfsverkefni Árborgar og Flóahrepps – kynning/ Áfangastaðastofa Suðurlands

Bragi Bjarnason boðaði forföll og lið nr. 4. frestað til næsta fundar sveitarstjórnar. Dagný Huld Jóhannesdóttir kom inn á fundinn í gegnum „Teams“ og kynnti hugmyndir stjórnvalda um Áfangastaðastofu Suðurlands (5. liður á SF_243) Lagt fram til kynningar.

5. Erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni – skipulagsmál

Lagt fram erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni þar sem óskað er eftir fundi til þess að ræða mögulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna stækkunar á athafnasvæði félagsins austur fyrir Gaulverjabæjarveg. Sigríður Magnea Björgvinsdóttir og Steindór Guðmundsson mættu til fundarins í gegnum „Teams“ og kynntu hugmyndir Sleipnisfélaga. Sveitarstjórn tekur vel í hugmyndir Sleipnisfélaga um áframhaldandi uppbyggingu austan Gaulverjabæjarvegur í tengslum við starfsemi félagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að við umsókn um breytingar á skipulagi þá þarf að taka tillit til óska landeiganda um nýtingu. Meðan afstaða landeigandans, Árborgar liggur ekki fyrir er málið á þessu stigi aðeins lagt fram til kynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá stjórn Bergrisans til allra aðildarsveitarfélaga – samningur við Sólheima

Lögð fram beiðni til allra aðildarsveitarfélaga Bergrisans um auknar fjárheimildir vegna viðaukasamnings Bergrisans við Sólheima SES, í samræmi við 6. gr. samþykktar Bergrisans bs. Viðauka er þörf vegna þjónustu við einstaklinga með sértækar þjónustuþarfir og vegna lánsheimildar vegna uppbyggingar á sértæku úrræði á Sólheimum. Einnig lögð fram kostnaðaráætlun vegna nýs heimilis fyrir 2 einstaklinga, þjónustusamningur við Sólheima og fundargerðir stjórnar Bergrisans nr. 24 og 25.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða beiðni fyrir sitt leyti með 5 atkvæðum en lögð er fram fyrirspurn um það hvort eðlilegt sé að Bergrisinn sé að veita lán. Fyrirvari er gerður um að þetta sé ekki fordæmisgefandi í öðrum málum.

7. Erindi til sveitarstjórnar frá Hannesi Lárussyni

Rósa Matthíasdóttir vísar af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Lagt er fram bréf Hannesar Lárussonar, dags. 16. desember s.l., þar sem kvartað er yfir samskiptum í símtali við Rósu Matthíasdóttur, sveitarstjórnarfulltrúa. Einnig er lagt fram minnisblað fundar oddvita og sveitarstjóra með Rósu, dags. 19. desember s.l., vegna sama máls.

Sveitarstjórn telur ekki tilefni til að bregðast við erindi Hannesar og vísar honum á fundargerðir Héraðsnefndar Árnessýslu varðandi upplýsingagjöf um málefni sem heyra undir nefndina og afgreiðslu erinda. Frekari fyrirspurnum er unnt að beina til Héraðsnefndar Árnessýslu og er formaður hennar Eyþór Ólafsson.

Bókun samþykkt með 4 atkvæðum.

8. Erindi frá Tónlistarskóla Árneseinga vegna kjarasamninga tónlistarkennara

Lagt fram erindi frá Helgu Sighvatsdóttur f.h. Tónlistarskóla Árneseinga til aðildarsveitarfélaganna þar sem óskað er eftir viðbótarfjárheimild vegna ársins 2021. Aukin fjárþörf er tilkominn vegna kjarasamningsbundinna launahækkana tónlistarskólakennara. Heildarframlag Flóahrepps til Tónlistarskólans er á árinu 2021, áætlað 16.407.000 krónur eftir hækkun. Hækkun vísað til gerðar viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2021.

Erindið er samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Frá Alþingi:

a) Drög að frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna áhrifa Covid – 19 á sveitarfélög Lagt fram til kynningar.

b) Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, 354. mál Lagt fram til kynningar.

c) Frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu, 355. mál Lagt fram til kynningar.

d) Frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, 365. mál Lagt fram til kynningar.

e) Tillaga til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu, 360. mál Lagt fram til kynningar.

f) Frumvarp til laga um kosningalög, 339. mál.

Lagt fram til kynningar.

- g) Frumvarp til laga um hálendisþjóðgarð, 369. mál
Sveitarstjórn Flóahrepps leggur áherslu á að gæta þarf að þeirri auðlind sem hálendið er. Náttúran er takmörkuð auðlind sem ber að fara vel með.
Stofnun þjóðgarðs eykur líkur á auknum fjölda ferðamanna um svæðið og ekki er fyrirséð að nægilegt fjármagn fylgi verkefninu til þess að tryggja uppbyggingu innviða og starfsmannahald í samræmi við aukið umfang. Sveitarstjórn Flóahrepps hefur ákveðnar efasemdir um það fyrirkomulag sem kynnt er í frumvarpinu. Hætt er við að fyrirkomulag stjórnáráðs verði þunglamalegt og seinvirkt. Sveitarstjórn hefur efasemdir um það fyrirkomulag að einum aðila, í þessu tilfalli sitjandi umhverfisráðherra hverju sinni, sé afhent vald til þess að taka ákvarðanir og veita starfsleyfi sem mögulega geta verið þvert gegn vilja og andstætt ákvörðunum lýðræðislega kjörinna fulltrúa sveitarfélaga eða félagasamtaka. Eins leggur sveitarstjórn mikla áherslu á samráð og víðtæka sátt um setningu reglugerða í tengslum við stofnun og rekstur hálendisþjóðgarðs. Gerður er fyrirvari um að áhrifasvæði þjóðgarðsins nái út fyrir skilgreind þjóðgarðsmörk og setji þannig hömlur á framkvæmdir og aðra starfsemi utan þjóðgarðs.
Bókunin er samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 243, dags. 08.12.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Stjórnar UTU nr. 81, dags. 26.11.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Stjórnar UTU nr. 82, dags. 09.12.2020
Liður nr. 2 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar:
Lagðar fram kynningarlærur vegna mögulegra lausna á húsnæðismálum UTU:
Annars vegar frá Bláskógabyggð og hins vegar frá Grímsnes- og Grafningshreppi.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með tillögu stjórnar UTU um að starfsstöð UTU verði áfram staðsett á Laugarvatni.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
- d) Vinnuhóps vegna umræðu um sameiginlega vatnsveitu Uppsveita og Flóa dags. 06.01.2021, ásamt minnisblaði Verkís dags. 25.11.2020
Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir upplýsingar sem fram koma í fundargerð og minnisblaði. Sveitarstjórn Flóahrepps lýsir yfir áhuga á áframhaldandi þátttöku í verkefninu á þeirri forsendu að sameiginlega verði unnið að vatnsöflun og lagningu stofnlagnar úr Fljótsbotnum í Bláskógabyggð en annar rekstur vatnsveitu eða þjónusta við íbúa innan sveitarfélagsins verði áfram óbreytt og á forsendum hvers sveitarfélags fyrir sig.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- e) Stjórnar Brunavarna Árnassýslu nr. 13, dags. 26.11.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 297, dags. 30.10.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 298, dags. 24.11.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) Aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands dags. 30.10.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) Stjórnar Bergrisa nr. 24, dags. 09.12.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) Stjórnar Bergrisa nr. 25, dags. 14.12.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) Byggingarnefndar Búðarstígs 22 nr. 9, dags. 15.12.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 18, dags. 15.12.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 892, dags. 11.12..2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. Efni til kynningar:

- a) Áskorun til sveitarfélaga um skýr markmið varðandi framboð á grænkeru fæði
- b) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Lokaskýrsla um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning.
- c) Stöðuskýrsla Félagsmálaráðuneytis vegna uppbyggingar félags- og atvinnumála í kjölfar Covid – 19
- d) Frá Hagstofu Íslands – manntal og húsnæðistal 1. janúar 2021
- e) Samþykkt um fráveitu – umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands
- f) Frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti – minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa
- g) Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 9. febrúar klukkan 13:00
Aðrir fastir fundardagar sveitarstjórnar á fyrri hluta ársins: 9. mars, 13. apríl, 11. maí, 8. júní, og 6. júlí

12. Önnur mál

a) **Beiðni um leyfi til kvikmyndatöku á Gömlu Þjórsárbrú.**

Lögð fram beiðni frá Reykjavík Studios um leyfi til kvikmyndatöku föstudaginn 15. janúar n.k.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki fyrir sitt leyti athugasemdir við verkefnið en umsækjendum er bent er á að hafa þarf samráð við Vegagerðina og landeigendur á Þjótanda, Urriðafossi og Þjórsártúni vegna þessa verkefnis.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)